

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2208  
komudagur 12.5.2010



2010050019


Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010

/--

**Efni: Samgönguáætlun 2009-2012. Umsögn Skipulagsstofnunar.**

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis dags. 3 maí 2010 þar sem óskað er umsagnar Skipulagsstofnunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012. Skipulagsstofnun bendir á að áætlanir sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eru undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og eru unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra, eru háðar umhverfismati samanber 3. gr. laga um umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun telur að fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012 uppfylli þessi skilyrði laganna og sé því háð umhverfismati enda hefur ekki farið fram umhverfismat gildandi samgönguáætlunar til 12 ára 2003-2014. Skipulagsstofnun telur því ekki tímabært að fara yfir tillöguna með hliðsjón af 11. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 /1997, þar sem umhverfismatið á að leiða í ljós samræmi áætlunarinnar við landnotkun annarra áætlana.

  
Jakob Gunnarsson